

Fagráð í hrossarækt

59. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg mánudagur 15. október 2012 kl. 10:00.

Mættir: Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Víkingur Gunnarsson, Ísleifur Jónasson, Gísli Gíslason, Vignir Siggeirsson og Sigrún Ólafsdóttir. Sigurbjartur Pálsson hafði boðað forföll.

Dagskrá

1. Fundarsetning, lögð fram fundargerð nr. 58 frá 29. mars 2012 til samþykktar og undirritunar
2. Sýningahaldið á árinu 2012
3. Ráðstefnan "Hrossarækt 2012"
4. Tilnefningar til ræktunarmanns/manna ársins 2012
5. Lágmark til afkvæmaverðlauna
6. Sýningagjöld árið 2013
7. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn og bar upp fundargerð nr. 58 til samþykktar og undirritunar. Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Sýningahaldið á árinu 2012.

Rætt var um sýningahaldið á árinu 2012 og lögð fram gögn með ýmsum upplýsingum þar um. Sýningahaldið út í héruðum gekk vel og einnig landsmót í Reykjavík að flestra mati. Samkvæmt ákvörðun fagráðs voru riðnar að hámarki átta ferðir við dóma á landsmóti og sú nýbreytni var viðhöfð að hross sem ekki náðu verðlaunasætum komu fram í sérstakri sýningu á föstudagsmorgni. Rætt var um hvernig hefði tiltekist með þessa útfærslu.

Fagráðsmenn voru sammála um að ekki gengi lengur að svo miklir árekstrar yrðu milli gæðingakeppninnar og kynbótasýninga á LM svo sem nú varð þannig að dagskrá gengi úr skordum. Setja þurfi upp ákveðin holl fyrir ákveðin tíma og mæti knapi ekki í hollid þurfi hann að fá varaknapa fyrir sig að öðrum kosti verði hann ekki með.

Hvað varðar að aðeins séu riðnar átta ferðir í dómi eru skiptar skoðanir um og þarfnast umræðu á breiðari vettvangi, alltaf sé þó um að ræða samspil hrossafjölda og þess tíma sem ætlaður er í viðkomandi atriði mótsins. Hvað sérstöku kynninguna varðar fór hún ágætlega fram þó þátttaka hefði mátt vera meiri. Framtíðarútfærsla gæti verið að sameina kynningu og verðlaunaafhendingu í hverjum flokki.

Alls voru haldnar sextán kynbótasýningar á árinu, þátttaka var frá 19 hrossum á vorsýningu á Sauðárkróki og á Stekkhólma að 425 hrossum á héraðssýningu á Hellu. Uppkveðnir dómur voru 2184 (2363). Fjöldi fullnaðardóma var 1886 (2067), dæmd hross á árinu voru 1590 (1745).

Meðaltöl einkunna voru svipuð og undanfarin ár svo og dreifing. Hlutfall aðaleinkunna undir 7,50 af heildar dómum var 7,0% (7,6%) og hlutfall aðaleinkunna 8,00 eða hærra var 36,5% (35,5%). Lögð voru fram gögn um meðaltöl einkunna á einstökum sýningum ársins á Íslandi svo og meðaltöl frá öðrum FEIF löndum. Fram kom ósk um að tekin yrði saman tafla yfir dreifingu einkunna erlendis.

Aldursskipting sýndra hrossa var á þann veg að 46,0% (45,6%) var fjögurra- og fimmvetra.

Merkt var við eistnagalla hjá 14 (31) stóðhesti á árinu. Veittar voru 9 (1) áminning á árinu, fjórar vegna grófrar reiðmennsku, fjórar vegna of þungs fótabúnaðar og ein vegna þess að ekki var mætt í fótaskoðun eftir dóm.

Dreift var yfirliti yfir dómafjölda hjá einstaka dómurum á árinu og reyndust þeir vera frá 137 til 896.

Lagðir voru fram margvíslegir listar með samantektum á áverkaskráningum ársins á einstaka sýningum. Áverkar voru skráðir á 21,5% (18,9%) hrossa úr braut en var á einstaka sýningum frá 8,6% til 45,5%. Áverkar af stigi tvö urðu í 12 tilvikum. Lagður var fram listi yfir alla knapa sem sýndu tíu sýningar eða fleiri en þeir voru 44 talsins. Á listanum kemur fram fjöldi sýndra hrossa, meðaleinkunnir og hlutfall áverka. Í öðru lagi var lagður fram listi yfir knapa sem eiga þrjár eða fleiri sýningar á áverkalistum og sýna tíu eða fleiri sýningar. Í þriðja lagi kom fram listi með þeim knöpum sem eru með fæsta áverka úr minnst tíu sýningum. Á þeim lista eru fimmtán knapar þar af þrír með enga áverka þ.e. Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Gísli Gíslason og Olil Amble. Í fjórða lagi var lagður fram listi yfir skráningar á blóði í munni hjá þeim sem sýndu tíu sýningar eða fleiri. Í fimmta lagi var lagður fram listi yfir stóðhesta sem eiga fimm eða fleiri afkvæmi með ágrip 2012 af minnst tíu sýndum og að lokum listi yfir stóðhesta sem eiga 20% eða meira sýndra afkvæma á ágripaskrá.

Ákveðið var að senda á sama hátt og í fyrra bréf til þeirra knapa sem skera sig úr hvað varðar fjölda áverka. Alls eru það 17 knapar að þessu sinni sem eru með 25,0% eða meira af sínum sýningum á áverkaskrá. Þá var ákveðið að birta lista yfir þá knapa sem eru með 10,0% eða minna af sínum sýningum á áverkaskrá en þeir eru níu að þessu sinni.

Fagræð er einhuga í því að tíðni áverka er algjörlega óásættanleg og nauðsynlegt er að grípa til aðgerða sem duga betur. Samþykkt var að ræða á haustfundum allar hugmyndir sem geta orðið til þess að bæta útkomuna hversu róttæk sem þau kunna að hljóma s.s. varðandi reglur um beislabúnað, sýningarfyrrkomulag, mat og flokkun áverka og viðurlög við áverkum. Samþykkt var að bjóða Sigríði Björnsdóttur á desemberfund fagræðs til umræðna um áverkamál þar sem ákvarðanir um næstu skref verða tekin.

Samkvæmt ákvörðun fagræðs hafði verið skráð niður á flestum sýningum landsins hvaða beislabúnað knapar væru að nota bæði í dómi og á yfirlitssýningum.

Niðurstaðan varð að í dómi eru 43% með hringamél, 54% með stangir og 3% með einjárnung (bogamél). Á yfirlitssýningum er 38% með hringamél, 58% með stangir og 3% með einjárnung (bogamél).

3. Ráðstefnan ”Hrossarækt 2012”.

Hin árlega ræktunarráðstefna verður laugardaginn 17. nóvember í félagsheimilinu Hlégarði í Mosfellsbæ. Eftirfarandi frumdrög að dagskrá voru samþykkt:

Ráðstefnustjóri: Víkingur Gunnarsson

13:00 Setning

Kristinn Guðnason formaður Fagræðs í hrossarækt

13:05 Hrossaræktarárið 2012 – Niðurstöður kynbótamats

Guðlaugur V. Antonsson, hrossaræktarráðunautur BÍ

13:30 Heiðursverðlauna hryssur með afkvæmum 2012

14:10 Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)

14:15 Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)

14:20 Erindi:

- *Líkamlegt álag á hross í kynbótasýningum,
Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir, Háskólanum á Hólum*

15:00 Tilnefningar og verðlaun fyrir ræktunarmann/menn ársins 2012

15:15 Kaffihlé

15:45 Umræður um ræktunarmál almennt

17:00 Ráðstefnuslit

Að auki var viðraður sá möguleiki að í kaffihléi verð kynning á nýju skráningarkerfi á kynbótasýningar sem nú er fullburða.

4. Tilnefningar til ræktunarmanns/manna ársins 2012.

Lagt var fram yfirlit yfir árangur 74 ræktunarbúa á árinu. Ákveðið var að tilnefna að þessu sinni þrettán bú til ræktunarverðlauna ársins. Í stafrófsröð eru þau:

- 1 Auðsholtshjáleiga, Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og börn.
- 2 Berg, Jón Bjarni Þorvarðarson og Anna Dóra Markúsdóttir.
- 3 Blesastaðir 1A, Magnús Trausti Svavarsson og Hólmfríður Birna Björnsdóttir.
- 4 Eystra-Fróðholt, Ársæll Jónsson og Anna Fía Finnsdóttir.
- 5 Hrossaræktarbúið Fet, Karl Emil Wernersson.
- 6 Hlemmiskeið 3, Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfssdóttir.
- 7 Kvistir, Kristjón Kristjánsson og Günter Weber.
- 8 Lækjarbotnar, Guðlaugur H. Kristmundsson og Jónína Hrönn Þórðardóttir.
- 9 Prestsbakki, Jón Jónsson og Ólafur Oddsson.
- 10 Skipaskagi, Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir.
- 11 Skrúður í Reykholtaldal, Sigfús Kristinn Jónsson og Ragnhildur Guðnadóttir.
- 12 Syðri-Gegnishólar/Ketilsstaðir, Olil Amble og Bergur Jónsson.
- 13 Ytra-Vallholt, Harpa H. Hafsteinsdóttir og Björn Grétar Friðriksson.

Sigurvegararnir árið 2012 voru valin Olil Amble og Bergur Jónsson í Syðri-Gegnishólum.

5. Lágörk til afkvæmaverðlauna.

Tekið var til umræðu hvort ástæða væri til að breyta í einhverju lágörkum og reglum varðandi verðlaunun afkvæmahrossa. Lagðar voru fram ýmsar töflur til skoðunar. Þorvaldur Árnason hafði á sínum tíma talið að tengja þyrfti verðlaunun fjölda sýndra afkvæma og horfði þar til mætingar eiginleika samkvæmt verkefni Elsu Albertsdóttur. Nú er ljóst orðið að sá útreikningur þarfnast nánari útfærslu og verður ekki virkur í bráð. Einnig taldi Þorvaldur mögulegt að setja þyrfti ný viðmið þegar keppniseiginleikar kæmu til uppgjors gagnvart kynbótamati. Kynbótamat á keppniseiginleikum á nokkuð í land enn og því spurning hvort bíða á eftir því. Samþykkt var að frá og með árinu 2013 verði lágörk til afkvæmasýningar eftirfarandi með fyrirvara um umsögn kynbótafræðinga þar að lútandi:

Stóðhestar 1. verðlaun fyrir afkvæmi 120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og 20 dæmd afkvæmi.

Stóðhestar heiðursverðlaun fyrir afkvæmi 120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og 50 dæmd afkvæmi.

Hryssur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi 118 stig í aðaleinkunn kynbótamats og 5 dæmd afkvæmi.

Þá var ákveðið að breyta járnningareglum á þann hátt að hestur sem skráður er til keppni í gæðinga- eða íþróttakeppni á sama móti geti tekið þátt í afkvæmasýningu járnaður eftir reglum LH/FEIF (í stað sem sannarlega tekur þátt í).

6. Sýningargjöld árið 2013.

Að venju var tekin fyrsta umræða um sýningargjöld næsta árs.

Sýningargjöldin eru eftirfarandi í dag:

	Fullur dómur	Sköpulags-/reiðdómur
Búnaðarsambönd	8.900	6.385
Bændasamtök		
- Launahlutur	2.900	2.140
- Rekstur tækja	330	285
- WorldFengur	850	850
- Vsk.	3.310	2.463
Vallaraðstaða (án vsk.)	2.210	1.377
Samtals:	18.500	13.500

Lagt var fram yfirlit yfir þróun í sýningargjöldum undanfarin ár svo og uppgjör ársins á sýningum 2012 frá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Fyrsta mat fagraðs er að rétt sé að hafa sýningargjöld óbreytt á árinu 2013. Önnur umræða um sýningargjöld verði tekin á desemberfundi fagraðs og liggja þá mögulega fyrir gögn frá fleiri rekstrar aðilum.

7. Önnur mál.

- Borist hafði bréf frá Elnu Albertsdóttur og Ágústi Sigurðssyni dags. 27. mars 2012, varðandi kynbótamat á keppniseiginleikum – söfnun keppnisgagna. Þar leggja þau áherslu á að vel sé vandað til þeirra keppnisgagna sem berast í WF og verða grunnur að kynbótamati á keppniseiginleikum.
- Guðlaugur kynnti fyrir fagraði bréf sem Gunnar Sturluson stjórnarmaður í FEIF hafði samið fyrir stjórn FEIF dags. 26. maí 2012, varðandi stöðu upprunareglugerðar íslenska hestsins með tilliti til FEIF reglna um ræktun og kynbótasýningar. Bréfið sýnir án alls efa að reglugerðin (þ.m.t. sérfræðinganefndin) og ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðar hafa lokaorðið um allar breytingar eða nýsköpun á sviði reglna viðvíkjandi ræktun íslenska hestsins.
- Bréf hafði borist frá Pétri Halldórssyni ráðunaut hjá Búnaðarsambandi Suðurlands dags. 3. ágúst 2012. Þar veltir Pétur fyrir sér nokkrum spurningum varðandi framkvæmd kynbótasýninga.
 - Knapi mætir ekki til fótaskoðunar.

Leggur Pétur til að um slík tilvik verði mótaðar ákveðnar reglur t.d. að dómur verði ógiltur og knapi hljóti áminningu.

Fagrað telur að í raun hafi þessu ferli verið fylgt. Einboðið sé að hross fái ekki dóm í slíkum tilfellum og í vinnureglum FEIF við kynbótadóma segir að knapi eigi að hljóta áminningu í umræddum tilvikum.

2. Áverki af stigi 2.

Leggur Pétur til að yfirmat tilgreinds dýralæknis hverrar sýningar verði skilgreindur möguleiki komi upp ágreiningur um niðurstöðu sýningarstjóra. Þá veltir Pétur upp þeirri spurning hvort bæta þurfi stigi 3 við áverkaskráningar, þ.e. þar sem áverki er á mörkum þess að vera 2 en niðurstöðu dýralæknis mótsins beðið.

Fagráð ákvað m.a. á grunni upplýsinga um tíðni áverka og með stuðningi frá myndefni sem tekið var af áverkum á árinu að rétt væri að breyta áverkaskráningum á þann veg að um þrjú stig verði að ræða. Flokkur 1 sé minniháttar áverki, Flokkur 2 sé áverki þar sem reiðdómur falli niður og hross hljóti ekki verðlaun. Í þennan flokk falli töluvert af verstu áverkunum sem fallið hafi í flokk 1 til þessa. Í þennan flokk geti einnig fallið áverkar sem séu á skilorði fram að yfirlitssýningu, þurfa endurtekna skoðun eða álit dýralæknis. Flokkur 3 séu verstu áverkarnir sem í dag hafa fallið í flokk 2 og þýða undantekningalaust að reiðdómur falli niður og hross hljóti ekki verðlaunun.

Fagráð telur nauðsynlegt að samin verði stuttur texti með lýsingum á þeim áverkum sem um ræðir og telur að mikinn stuðning megi hafa af því myndefni sem nú er til. Þá samþykkti fagráð einnig að kannað verði með hvaða hætti komið verði á samræmdu kerfi þar sem vakthafandi dýralæknir á svæðinu sé sá dýralæknir sem sé tilkallaður komi upp vafamál.

3. Kynbótasýningar á landsmóti.

Þar gerir Pétur að umræðuefni þá árekstra sem urðu á fimmtudegi, landsmóts í Reykjavík, milli yfirlitssýningar kynbótahrossa og milliriðla í gæðingakeppni. Telur Pétur að finna þurfi ásættanlega lausn á því máli.

Vísað er til ákvarðana fyrir í fundargerðinni varðandi þennan lið.

- d) Landsþing LH verður haldið 19. og 20. október næstkomandi. 44 tillögur liggja fyrir þinginu. Guðlaugur sagði frá þeim sex tillögum sem hann taldi að snertu eitthvað kynbótageirann. Í fyrsta lagi um endurskoðun rekstrarforms Landsmóts hestamanna ehf. Í öðru lagi um endurskoðun stjórnýslu í kringum íslenska hestinn. Í þriðja lagi um endurskoðun laga og reglugerða um sóttvarnir. Í fjórða lagi um aflestur örmerkinga í keppnishestum. Í fimmta lagi um fjölgun kynbótasýninga. Í sjötta lagi um meðferð niðurstaðna úr keppni innanhúss.
- e) Guðlaugur kynnti að árlegir nefndarfundir FEIF yrðu í Malmö 26 – 28 október næstkomandi. Guðlaugur, Sigbjörn Björnsson, Jón Baldur Lorange og Kristín Halldórsdóttir munu verða þar á vegum ræktunargeirans. Á laugardeginum verður opinn fundur fyrir hrossaræktendur. FEIF mun einnig standa fyrir námskeiði í dómum á unghrossum eftir línulegum skala nú í nóvember. Þar sem áhugi á slíku kerfi hefur ekki verið til staðar á Íslandi á Guðlaugur ekki von á að einhver íslensku dómaranna fari á það námskeið.
- f) Víkingur sagði frá hugmyndum sínum eða framtíðarsýn á félagskerfi hestamanna. Nokkur umræða varð um hugmyndirnar en engin efnisleg niðurstaða.

Fleira ekki tekið fyrir,
fundi slitið kl. 18:00.

Guðlaugur V. Antonsson
ritari fagráðs í hrossarækt.